

2. fundur Félags rannsóknastjóra á Íslandi

Haldinn 1. mars 2013 kl. 9.00 – 10.00 í Tæknigarði

Boðuð:

Kristján Kristjánsson, Oddný Gunnarsdóttir, Anna Kristín Daníelsdóttir, Ólöf G. Sigfúsdóttir, Ásta Sif Erlingsdóttir.

Mætt: Kristján Kristjánsson, Anna Kristín Daníelsdóttir, Ólöf G. Sigfúsdóttir, Ásta Sif Erlingsdóttir.

Dagskrá:

- Fundargerð síðasta fundar hafði verið send út og var samþykkt.
- Lokið var við gerð samþykktá félagsins í samræmi við leiðbeiningar frá Ríkisskattstjóra (RSK), og ákveðið að við slit félagsins skyldu eignir þess renna til Félags einstakra barna, kt. 570797-2639. Bætt var við 11. grein í lögum sem hljóðar þannig:

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til Félags einstakra barna, kt. 570797-2639.

Ásta mun sjá um að senda skjalið til RSK og þegar félagið hefur fengið kennitölu, mun Kristján sjá um að stofna bankareikning og senda út reikninga fyrir árgjaldi 2013.

- Önnur mál
 - Aðalfundur. Ákveðið var að halda aðalfund 26. apríl kl. 16-18 í Háskólanum í Reykjavík. Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf og heimasíða félagsins kynnt. Þá var ákveðið að Kristján myndi kynna starf nefndar á vegum menntamálaráðuneytis sem sett hefur verið til að taka ákvörðun um hvaða rannsóknagagnagrunnur verður keyptur.
 - Ásta mun sjá um að skrá félagið í EARMA – evrópsk samtök rannsóknastjóra.
 - Vefsíða félagsins var rædd og var stjórn sammála um að hafa hana einfalda og að best væri að hafa hana í einhverju „open access“ forriti t.d. Word press.

- Hugmynd kom fram um að félagar yrðu hvattir til að senda inn tillögu að logo fyrir félagið (á íslensku FRANNÍS, á ensku IceARMA), fyrir aðalfundinn.
- Ásta skýrði frá því að stofnfundur félags rannsóknastjóra í Noregi yrði haldinn í apríl og hefur hún verið beðin um að senda kveðju íslenska félagsins í gegnum skype.
- Gengið hefur verið eftir svári frá Samstarfsnefnd opinberu háskólanna vegna styrkumsóknar sem var send til nefndarinnar í desember, en þar sem nefndin hefur ekki komið saman síðan, hefur ákvörðun ekki verið tekin.

Næsti fundur, sem verður undirbúningsfundur fyrir aðalfund, verður haldinn þriðjudaginn 2. apríl kl. 09.00 í Tæknigarði.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10.00

Ásta Sif Erlingsdóttir